

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1971

28. desember 1971.

429

Nr. 225.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 28. des. 1971, og innheimta á árinu 1972 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir, heimildarskjölum um veiðiréttindi, skjölum, sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, og af kaupmálum.
- b. Með 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965, eða önnur leyfisbréfagjöld, er koma í stað þeirra, samkvæmt sérstökum lögum.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1971.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

22. desember 1971.

Nr. 226.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo og greiðslur samkvæmt 16. og 73. grein laganna, skulu hækka um 10% frá 1. janúar 1972 að telja.

Fjölskyldubætur svo og hækkanir lífeyris skv. 19. gr. eru undanþegnar þessu ákvæði.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 19, nr. 225—226. Útgáfudagur 31. desember 1971.